

Gróður og fuglar við Hafursstaði, Skagaströnd

Hörður Kristinsson og Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki

NÍ-98015

Akureyri, október 1998



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 AÐFERÐIR	3
3 ALMENN GRÓÐURLÝSING	3
4 SJALDGÆFAR PLÖNTUR	4
5 FUGLALÍF	4
6 VERNDARGILDI	5
7 HEIMILDIR	6

SKRÁ YFIR TÖFLUR OG VIÐAUKA

1. tafla. Fuglar sem sáust við Hafursstaðaá í júní 1998.	4
2. tafla. Varpfuglar í reit 4441.	5
1. viðauki. Plöntur skráðar á veglínu við Hafursstaði.	7

1 INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar á Sauðárkróki tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér athuganir á gróðri og fuglalífi á fyrirhuguðu vegarstæði við Hafursstaði á Skagaströnd. Þar er ráðgert að færa veginn lítið eitt til austurs á 1,5-2 km kafla vegna snjóþyngsla á núverandi vegi. Þá kemur vegurinn til með að liggja eftir brún sem þar er, með allmikilli uppfyllingu yfir gil Hafursstaðaár fremst við gilmunnann.

2 AÐFERÐIR

Vettvangskönnun á gróðri var gerð af Herði Kristinssyni 14. júlí 1998. Gengið var um fyrirhugaða veglínu og allar tegundir blómplantna og byrkninga sem fundust voru skráðar. Heildarlisti yfir tegundirnar kemur fram í 1. viðauka. Einnig var gerð stutt lýsing á gróðurlendum (3. kafli).

Vettvangskönnun á fuglalífi var gerð af Ólafi Einarssyni 8. og 11. júní 1998. Gengið var með fyrirhuguðu vegarstæði og athugað fuglalíf á svæðinu. Allir fuglar sem sáust voru skráðir niður, varpfuglar sem og aðrir (1. tafla).

Íslandi hefur verið skipt niður í 10 x 10 km reiti til rannsókna á útbreiðslu lífvera á landi og hefur hver reitur sitt einkennisnúmer. Reitakerfi þetta var upphaflega gert til þess að rannsaka útbreiðslu plantna á Íslandi (Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970). Reitakerfi þetta er notað við rannsóknir á útbreiðslu fugla (sbr. Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994, Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995). Athugunarsvæðið við Hafursá er í reit 4441. Tekið var saman yfirlit um varpfugla í reit 4441 (2. tafla) og er það byggt á óbirtum upplýsingum frá Kristni Hauki Skarphéðinssyni á Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt þeim gögnum sem söfnuðust við athuganir í júní.

3 ALMENN GRÓÐURLÝSING.

Veglínan sem skoðuð var hefst á melunum milli Vindhælis og Hafursstaða. Þar sem núverandi vegur sveigir niður af melunum norðan við Hafursstaði, er fyrirhugað að framtíðarvegur liggja áfram eftir melbrúninni að Hafursstaðaá, meðfram raflínu sem þar er. Leiðin liggur þarna fyrst um mela með ósamfelldri gróðurþekju. Ríkjandi eru holtasóleyjar, blóðberg og blásveifgras, og á milli eru smápýfðir, þurrir krækilyngs- eða þursaskeggsmóar með holtasóleyjum. Þegar nær dregur gilinu taka grasmóar við af krækilyngsmóum. Í þeim eru ríkjandi móasef, língresi, túnvingull og snarrótarpuntur ásamt krækilyngi.

Gilið er þarna nokkuð djúpt og er gilbrekkan að norðan algróin og með nokkrum snjó-dældasvip. Finnungur og ilmreyr eru ríkjandi með língresi og vallhæru á milli. Í gilbrekkunni að sunnan gengur fram klettanef á móts við veglínuna, en annars eru þar melbrekkur og lítt grónar malarskriður. Þegar yfir gilið kemur verður fyrst fyrir gróinn melur með þursaskeggi, ilmreyr og língresi, en lengra frá liggur leiðin um língresisbrekkur. Neðan þeirra er tún, og kemur leiðin væntanlega til með að fara yfir horn af túninu. Sunnan við túnið eru brekkur með grasmóum og nálgast veglínan þar aftur núverandi veg og sameinast honum.

4 SJALDGÆFAR PLÖNTUR

Allar tegundir plantna sem skráðar voru á fyrirhugaðri veglínu við Hafursstaði eru mjög algengar um allt land.

Nokkru ofar í gilinu, í brekkunni að norðanverðu er hins vegar stallur með nokkurri brönugrasabreiðu, og er ekki vitað um þá tegund annars staðar á Skagaströnd. Þessi staður er hins vegar nægilega langt frá væntanlegri veglínu, á að giska 50 metrum fyrir ofan raflínuna, svo að ekki á að vera nein hætta á raski þar miðað við núverandi áform um staðsetningu veglínunnar.

5 FUGLALÍF

Í reit 4441 hafa verið skráðar 13 fuglategundir sem eru taldar verpa í reitnum, tvær sem eru líklegir varpfuglar og tíu eru hugsanlega verpandi í reitnum (2. tafla).

Alls sáu tíu fuglategundir á athugunarsvæðinu í júní 1998 (1. tafla). Sjö fuglategundir voru skráðar sem mögulegir varpfuglar við eða á fyrirhugðu vegstæði, það er 28% af þeim fuglategundum sem skráðar hafa verið í reitnum. Ekki var staðfest varp fyrir neina af þessum fuglategundum á meðan á þessum athugunum stóð.

1. tafla. Fuglar sem sáu við Hafursstaðaá í júní 1998

Tegund	Líklegir varpfuglar	Aðrir fuglar
Rjúpa	x	
Sandlóa	x	
Heiðlóa	x	
Louþræll	x	
Spói	x	
Stelkur	x	
Sílamáfur		x
Kría		x
Þúfuttlingur	x	
Steindepill		x
Alls	7	3

Enginn þeirra fugla sem sáu teljast sjaldgæfir varpfuglar hérlendis og eru þeir algengir víða um land. Af varpfuglum eru heiðlóa og spói algengust, sennilega um 5-7 pör af hvorri tegund á þeim slóðum sem vegurinn er fyrirhugaður. Hinir fuglarnir eru sjaldgæfari, og er áætlað af þeim séu eitt til þrjú verpandi pör á svæðinu. Fuglar sem sáu en þóttu ekki varplegir voru sílamáfur, kría og steindepill.

2. tafla. Varpfuglar í reit 4441

Tegund		
Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Stig*
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	3
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	1
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	1
Grágæs	<i>Anser anser</i>	1
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	3
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	3
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	1
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	1
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	3
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	1
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	3
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	3
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	2
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1
Ríta	<i>Rissa tridactyla</i>	1
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	1
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	1
Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	3
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	3
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	3
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	3
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1
Alls		25

* Stig eru gefin samkvæmt stöðlum í kortlagningu á íslenskum varpfuglum; 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994).

6 VERNDARGILDI.

Gróður við veglínuna um gilmunna Hafursstaðaár er fremur fábreyttur þurrlandisgróður og eru engar sjaldgæfar tegundir þar. Gróður ofar við gilið hefur meira verndargildi, og þarf því að gæta þess að raska ekki landi þar.

Fuglalíf við Hafursstaðaá er ekki fjölbreytt og svipað búsvæði fyrir fugla er að finna í nágrenninu. Tiltölulega fáir varpfuglar fundust á athugunarsvæðinu og er líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi ekki umtalsverð áhrif á fuglalíf á þessum slóðum.

7 HEIMILDIR

Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 40: 58–65.

Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987–1994. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 28. 76 bls.

Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987–1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.

1. viðauki. Plöntur skráðar á veglínu við Hafursstaði.

Dáikur 1: Norðurhluti veglínu. 2: Gil Hafursstaðaár og suðurhluti veglínu.

Latneskt plöntuheiti	Íslenskt plöntuheiti	1	2
<i>Achillea millefolium</i>	vallhumall		x
<i>Agrostis capillaris</i>	hálíngresi	x	x
<i>Agrostis stolonifera</i>	skriðlíngresi	x	x
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulíngresi	x	x
<i>Alchemilla alpina</i>	ljónslappi	x	x
<i>Alchemilla vulgaris</i>	mariustakkur		x
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	ilmreyr	x	x
<i>Arenaria norvegica</i>	skeggsandi		x
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	x	
<i>Betula nana</i>	fjalldrapi	x	x
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	x	
<i>Botrychium lunaria</i>	tungljurt	x	x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melablóm	x	
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	x	x
<i>Carex capillaris</i>	hárleggjastör	x	x
<i>Carex microglochin</i>	broddastör		x
<i>Carex norvegica</i>	fjallastör		x
<i>Carex panicea</i>	belgjastör	x	
<i>Carex vaginata</i>	slíðrastör	x	x
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	x	x
<i>Cerastium cerastoides</i>	lækjafræhyrna		x
<i>Cerastium fontanum</i>	vegarfi	x	x
<i>Corallorhiza trifida</i>	kræklurót	x	
<i>Deschampsia caespitosa</i>	snarrótarpuntur	x	x
<i>Deschampsia flexuosa</i>	bugðupuntur	x	x
<i>Draba incana</i>	grávorblóm	x	x
<i>Draba norvegica</i>	hagavorblóm		x
<i>Dryas octopetala</i>	holtasóley	x	x
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	x	x
<i>Epilobium anagallidifolium</i>	fjalladúnurt		x
<i>Epilobium hornemannii</i>	heiðadúnurt		x
<i>Epilobium lactiflorum</i>	ljósadúnurt		x
<i>Epilobium palustre</i>	mýradúnurt		x
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	x	x
<i>Equisetum pratense</i>	vallelfting	x	x
<i>Equisetum variegatum</i>	beitieski	x	
<i>Erigeron boreale</i>	jakobsfífill	x	x
<i>Erophila verna</i>	vorperla		x
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	x	x
<i>Galium normanii</i>	hvitmaðra	x	x
<i>Galium verum</i>	gulmaðra	x	x
<i>Gentianella campestre</i>	mariuvöndur	x	x
<i>Hieracium islandicum</i>	íslandsfífill	x	x
<i>Hieracium spp.</i>	undafífill		x
<i>Juncus alpinus</i>	mýrasef		x
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál	x	x

<i>Juncus filiformis</i>	þráðsef		X
<i>Juncus trifidus</i>	móasef	X	X
<i>Kobresia myosuroides</i>	þursaskegg	X	X
<i>Leontodon autumnale</i>	skariffífill	X	X
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra	X	X
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	X	X
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra		X
<i>Myosotis arvensis</i>	gleym-mér-ci		X
<i>Nardus stricta</i>	finnungur		X
<i>Omalotheca supina</i>	grámulla		X
<i>Oxyria digyna</i>	ólafssúra		X
<i>Phleum alpinum</i>	fjallafoxgras		X
<i>Pinguicula vulgaris</i>	lyfjagras		X
<i>Plantago maritima</i>	kattartunga	X	
<i>Platanthera hyperborea</i>	friggjargras	X	X
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	X	X
<i>Poa annua</i>	varpasveifgras		X
<i>Poa glauca</i>	blásveifgras	X	X
<i>Poa pratensis</i>	vallarsveifgras	X	X
<i>Potentilla crantzii</i>	gullmura	X	X
<i>Pseudorchis albida</i>	hjónagras	X	
<i>Ranunculus acris</i>	brennisóley		X
<i>Rhinanthus minor</i>	lokasjóður	X	X
<i>Rumex acetosa</i>	túnsúra		X
<i>Rumex acetosella</i>	hundasúra	X	X
<i>Sagina nodosa</i>	hnúskakrækill		X
<i>Sagina procumbens</i>	skammkrækill	X	
<i>Sagina saginoides</i>	langkrækill		X
<i>Salix herbacea</i>	grasviðir	X	
<i>Saxifraga hypnoides</i>	mosasteinbrjótur		X
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	vetrarsteinbrjótur		X
<i>Sedum acre</i>	helluhnoðri		X
<i>Selaginella selaginoides</i>	mosajafni	X	X
<i>Sibbaldia procumbens</i>	fjallasmári		X
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	X	X
<i>Silene maritima</i>	holurt	X	X
<i>Stellaria media</i>	haugarfi	X	X
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagras	X	X
<i>Thymus arcticus</i>	blóðberg	X	X
<i>Trifolium repens</i>	hvítsmári	X	X
<i>Trisetum spicatum</i>	lógresi	X	X
<i>Vaccinium myrtillus</i>	aðalbláberjalyng		X
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng	X	
<i>Veronica fruticans</i>	steindepla		X
<i>Veronica serpyllifolia</i>	lækjadepla		X
<i>Viola canina</i>	týsfjóra		X
<i>Viola palustre</i>	mýrfjóra		X